

## Við vinnum hörðum höndum að því að spara þér tíma!

MAX1 dregur nafn sitt af því að við ljúkum öllum viðgerðum á bílnum þínum innan klukkustundar frá því viðgerð hefst.

Við bjóðum fyrsta flokks hraðþjónustu sem er sniðin að þörfum hins tímabundna bifreiðareiganda. Við erum eldsnöggir á Max-einum. Tylltu þér á meðan, fáðu þér rjúkandi heitt kaffi og kíkту í blöðin. Við sjáum til þess að þú hafir skamma viðdvöl.

### Engar tímapantanir!

Bíllinn þinn er í hröðum og öruggum höndum hjá okkur.

### Umhverfisstefna

Við förgum notuðum dekkjum, rafgeymum, síum, olíu og öðrum spilliefnum samkvæmt ströngustu umhverfiskröfum.

### Þetta gerum við á Max-einum!

#### ► Smurþjónusta

Er komið að smurningu? Við skiptum um olíu og síur eins og hendi sé veifað.



#### ► Demparþjónusta

Eru dempararnir lélegir? Við endurnýjum dempara og gorma í flestum gerðum bifreiða.



#### ► Bremsþjónusta

Eru bremsuklossarnir búnir? Endurnýjum bremsuklossa og bremsudiska í flestum gerðum bifreiða.



#### ► Hjólbarðþjónusta

Leiðist þér að bíða á dekkjaverkstæðum? Láttu okkur skella dekkjunum undir bílinn. Við bjóðum þér vandaða Nokian hjólbarða á hagstæðu verði.



#### ► Rafgeymþjónusta

Parftu að skipta um rafgeymi? Við gerum það fyrir þig í hvelli og losum þig við þann gamla.



#### ► Önnur þjónusta

Við skiptum líka um þurrkublið, perur og setjum rúðuvökva á bílinn. Fagmannleg vinnubrögð á örskotsstundu.




## Vertu vakandi yfir örygginu

**Dekkjamynstur (raufar) grynna en 3 mm gera bílinn hættulegan!**

Dekkjamynstur (raufar) undir 3 mm á dýpt gera bílinn hættulegan í umferðinni, sérstaklega í bleytu, því mynstrið gegnir líka því veigamikla hlutverki að veita vatni undan dekkinu svo bíllinn fari síður á flot og missi veggrip. Bílar á ónýtum dekkjum valda slysum. Kaupu ný dekk ef mynstrið (raufarnar) er grynna en 3 mm.



Nýtt dekk er með 9 mm mynsturdýpt (raufar).



3 mm



Ónýtt dekk er með 3 mm mynsturdýpt (raufar) eða minna

### Eigðu dekkin lengur

Smá gleymaska getur eyðilagt dekkin á mjög skömmum tíma. Fylgstu vel með þeim atriðum sem eyðileggja dekkin.

**Láttu Max1 fylgjast með ástandi dekkjanna.**

- Loftþrýstingur getur breyst og eyðilagt dekkin
- Beyglaðar eða skemmdar felgur eyðileggja dekkin
- Jafnvægisstillingin getur breyst og eyðilagt dekkin
- Lélegir demparar eyðileggja dekkin
- Rangt hjólabíl eyðileggur dekkin

Komdu við á MAX-einum

# Njóttu sumarsins með nýjum Nokian



## Tími þinn er dýrmætur

Forðastu óþægindi. Komdu með bílinn til okkar.

## Gæði í góðu gripi

Hjólbarðar eru meðal mikilvægustu öryggistækja bílsins, þau geta haft úrslitabýðingu í umferðinni. Þess vegna ver Nokian miklum tíma og fjármunum til rannsókna og þróunar á betri og fullkomnari dekkjum. Markmiðið er tvíþætt: að hámarka öryggi og uppfylla ströngustu umhverfiskröfur með sífellt fullkomnari framleiðslutækni og hráefnum. Dekkin frá Nokian í Finnlandi eru löngu þekkt fyrir gæði og öryggi við erfiðar aðstæður enda er Nokian eini dekkjaframleiðandi heims sem einbeittir sér alfarið að norðlægum aðstæðum eins og þeim sem Íslendingar búa við. Þess vegna eru nýju sumardekkinn þaulpröfuð við erfiðar og fjölbreyttar aðstæður á umráðasvæði Nokian í Lapplandi. Sumardekkinn frá Nokian eru örugg, hljóðlát og slitsterk. Þú getur treyst því að sumardekkinn frá Nokian henta þér og þínum bíl. Vertu í öruggum höndum –aktu á Nokian.

# Njóttu sumarsins með nýjum Nokian



### WR

Stærðir: 14" 15" 16" 17"  
Prófill (hæð): 65, 60, 55, 50, 45



### WR SUV

Stærðir: 16" 17" 18" 19" 20"  
Prófill (hæð): 70, 65, 60, 55, 50, 45, 40



Nokian WR er nýtt gripdekk og hentar sérlega umhleypingasamri veðráttu. Nokian WR er heilsársdekk enda er grip þess og stöðugleiki framúrskarandi á blautum sem þurrum vegi og í snjó. Mynstur Nokian WR er með fleygformuðum skorum sem eru aðlagðar hverri einstakri stærð dekkis til að tryggja aksturseiginleika og veita vatni örugglega frá sólanum. Nýtt efni í mynstri gefur WR einstakt slitþol.

## Mikil vísindi eru að baki góðu gripi

Komdu í Max 1 og við hjálpum þér að velja réttu sumardekkinn sem passa þér, íslenskum aðstæðum og ekki síst bílnum þínum. Lestu fróðlegan textann um Nokian dekkinn. Þú nýtir þér yfirburði Nokian á norðurhveli og ekur öruggur um á finnsku sumardekkjunum frá Nokian.



Miklu máli skiptir að dekkið hafi lítið núningsviðnám til að draga úr eldsneytisnotkun og hljóðmengun.

Hliðarnar vinna með fjöðrunarkerfi bílsins og hafa mikið með rásfestu bílsins að gera.

Fína munstrið ásamt réttri gummiblöndu sér um gripið sjálft.

Stærri rauðar sjá um að veita vatni undan dekkinu og koma í veg fyrir að billinn fari að fljóta (Aqua planing).



### NRe

Stærðir: 14" 15" 16"  
Prófill (hæð): 70, 65, 60, 55



Nokian NRe sumardekkið er framúrskarandi akstursdekk sem veitir ökumanni þýðan, stöðugan og hljóðlátan akstur. NRe hentar við ólíkar aðstæður og ryður vel frá sér vatni. Nokian NRe er mjög endingargott og hefur lítið vegviðnám sem hefur minni eldsneytiseyðslu í för með sér. Mynstrið er stefnuvirkt og á dekkinu er slitvísir sem sýnir ástand þess. NRe er framleitt úr hreinni gummiblöndu án skaðlegra arómatískra olíuefna.



### NRC2

Stærðir: 15" 16"  
Prófill (hæð): 75, 70, 65



Nokian NRC2 sumardekkið er sérhannað fyrir norðlega veðráttu og er sérstaklega vinsælt meðal eigenda sendiferðabíla og stórra leigubíla vegna mikils slitþols, góðra aksturseiginleika og stöðugleika. Mynstrið, sem er 10% breiðara en á venjulegum dekkjum, er óvenju djúpt, sem eykur endingu dekkisins til muna. NRC2 er framleitt án háarómatískra olíuefna, það er hljóðlát og með nælonsþöngum á felgustrengnum, sem gerir hann 40% sterkari en áður. NRC2 er með skrapvörn á hliðum og slitvísi í mynstri sem sýnir ástand dekkisins.



### Z

Stærðir: 17"  
Prófill (hæð): 50



Hið nýja Nokian Z er hannað með mikla aksturseiginleika, fráhrindivörn vatns og rásfestu í huga og er einkum hannað fyrir evrópskar hraðbrautir. Nokian Z er mjög stöðugt í akstri og hljóðlát, mynstrið er stefnuvirkt og bregst einstaklega vel við stýringu. Nokian Z hefur lítið vegviðnám sem hefur minni eldsneytiseyðslu í för með sér. Dekkið er framleitt úr hreinni gummiblöndu og er án skaðlegra arómatískra olíuefna. Á því er slitvísir sem sýnir ástand dekkisins.